



Ágúst 2022

á íslensku

Nú voru þeir að tala um þetta, og þá stendur hann sjálfur meðal þeirra og segir við þá: „Friður sé með yður!“

(Lk 524, 36)

**Gefðu Jesú pláss!
Give space to Jesus!**

Kæru vinir go4peace,

Eftir dauða sinn á krossinum var Jesús ekki lengur bundinn rúmi og tíma. Líkami hans lá í gröfinni. En Jesús var áfram sá sem hann var – jafnvel eftir dauðann. Hann var sú persóna sem hann var á meðan hann lifði á jörðu – um eilífð vakinn af himneskum Föður sínum. Það var erfitt fyrir vini hans og vinkonur að skilja í fyrstu. En þau upplifðu að Jesús væri enn hjá þeim – þó ekki sýnilegur með líkamlegum augum og ekki snertanlegur með eigin höndum. En áhrif nærveru hans voru óumdeilanleg. Þegar HANN var þar fundu þeir fyrir friði sem heimurinn gat ekki gefið. Það var allt annað en auðvelt að miðla því til annarra. En þessi reynsla brann svo á þeim að þeir urðu að segja frá henni. Það hljómaði eitthvað á þessa leið: „Þegar við vorum saman og opnuðum hjörtu okkar algjörlega fyrir hvort öðru, fundum við þetta: Hann er ekki farinn. Hann er þarna og Hann gefur okkur frið sem við höfðum einfaldlega ekki. Það var eins og hann hefði sjálfur sagt við okkur: Friður sé með yður!“

Nærveru Jesú má finna í áhrifum hennar. Nærvera hans skapar frið, gleði, ljós, eld... Þú getur upplifað þessi áhrif af raunverulegri nærveru Jesú. Hann kallar þig til að vera vinur hans eða vinkona, sem þekkir hann og finnur nærveru hans. Vertu sérfræðingur í návist Jesú. Þá muntu geta sagt: „Ég „sá“ hann með skynjun sálar minnar. Ég „snerti“ hann í þeim friði sem hann gaf! Ég „heyrði“ rödd hans í hjarta mínu!“

Tomáš segir: „Ég var í fríi með nokkrum bræðrum. Við tveir höfðum lagt leið okkar til fjalla á sólríkum degi. Við settumst fyrir framan alpaskála. Öll víðátta fjallanna umlukti okkur. Við byrjuðum að tala saman. Við ræddum um liðið ár, um spurningar okkar, ferðalög og tilraunir. Í mér vöknudú margar innri spurningar. Allt í einu fylltist hjarta mitt djúpri hamingju. Mér fannst: við værum þar ekki einir. Jesús var þarna Hann veitti okkur gleði sem var ekki til staðar áður. Hann gaf okkur ljós þar sem ég fann svör við spurningum mínum og nýjar hugmyndir um leið mína. Ég fékk á tilfinninguna: Þú ert á himnum. Jesús er þarna Vegna þess að þar sem Jesús er, þar er himinninn.“ – **Gefðu Jesú pláss! Give space to Jesus!**

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu